

NEÐSTIKAUPSTAÐUR - UPPLÝSINGABLAÐ

Fylgiskjal með umsókn um verndarsvæði í byggð

Neðstikaupstaður er minjasvæði á Ísafirði og fyrrum verslunarsvæði. Þar standa hús frá tímum Einokunarverslunarinnar og hvergi á landinu eru eins heillegar og vel varðveittar minjar um verslunarstað frá fyrri öldum og verslunarhús frá tímum danskra verslunarfélaga. Núna standa þarna fjögur hús; Krambúðin frá 1757, Faktorshúsið frá 1765, Tjöruhúsið frá 1781 og Turnhúsið frá 1784. Húsin eru öll friðuð. Mun fleiri hús stóðu í Neðstakaupstað í upphafi tuttugustu aldar en þau eru nú horfin og staðsetning þeirra óviss.

Á teikningu sem sýnir verslunarstaðinn frá 1818 má sjá yfirskriftina “Skutulsfjords handelsted”. Á þessum tíma var mannfjöldi ekki slíkur á Skutulsfjarðareyri að búast mætti við blómlegri verslun en í þeim 10 sóknum sem áttu viðskipti við Ísafjarðarverslun voru árið 1835 samtals um 2600 manns.

Á meðfylgjandi loftmynd eru sýnd fyrstu drög að afmörkun svæðisins en hluti af verkefninu er að afmarka svæðið nánar út frá greiningum á svæðinu og niðurstöðu þeirra.



Neðstikaupstaður er hverfisverndaður skv. Aðalskipulagi Ísafjarðar 2008-2020. Markmið hverfisverndar fyrir Neðstakaupstað eru að varðveita húsabyrpinguna og tryggja gæði umhverfisins þannig að svæðið styrkist sem heild. Þá er sett markmið um að varðveita fjöruna og tryggja aðgengi almennings að henni. Svæðið er í dag mikilvægt aðdráttarafli fyrir íbúa og gesti Ísafjarðar. Það er safnasvæði og þar er vinsæll veitingastaður.


Vel hefur verið staðið að varðveislu húsanna. Húsin eru öll í eigu Ísafjarðarbæjar og eru hluti af byggðasafni sem var stofnað 1941. Í Turnhúsinu er sjóminjasafn, bæði innanhúss og á útisvæði og safnasvæðið er fjölsóttur ferðamannastaður í dag.

Það er mat Ísafjarðarbæjar að full ástæða sé til að varðveita byggðina í Neðstikaupstað vegna svipmóts og menningarsögu og að svæðið falli vel að markmiðum laga um verndarsvæði í byggð, sem eru að stuðla að vernda og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi.



SKIPULAG

Stefna um að Neðstikaupstaður verði verndarsvæði í byggð er í samræmi við markmið í **aðalskipulagi** um menningar- og búsetuminjar, sem kveða á um að vernda skuli búsetuminjar og að íbúar og gestir skuli geta notið þeirrar menningar og sögu sem felast í búsetuminjum svæðisins. Neðstikaupstaður er innan hverfisverndarsvæðisins H13. Stefna aðalskipulagsins um svæðið er að varðveita húsabyrpinguna og tryggja gæði umhverfisins þannig að svæðið styrkist sem heild en afmörkun svæðisins og skilmálar eru eftirfarandi:




<p>Svæði H12 - Neðstikaupstaður, Ísafirði / 1,5 ha. Svæði á milli Ásgeirsbakka og gamla slíppsins. Þar er opið svæði til sérstakra nota og svæði fyrir þjónustustofnanir.</p>	<p>Ákvæði Öll uppbygging á svæðinu skal miða að varðveislu sögu- og menningarminja og auka möguleika svæðisins sem safnasvæðis. Breytingar á húsum og hönnun lóða skulu gerðar í samráði við Húsafríðunarnefnd ríkisins. Við uppbyggingu, til að auka aðgengi almennings að fjörunni, skal þess gætt að skerða ekki verndargildi svæðisins. Sjá einnig kafla 9.2.1 um söfn og menningarhús.</p>
---	---

Í aðalskipulaginu er listi yfir friðuð hús á Ísafirði og þar er gerð grein fyrir húsunum í Neðstikaupstað með eftirfarandi hætti:

Svæði	Gata og húsúmer	Bygging	Byggingarár/ friðlýst
Þ11	Neðstikaupstaður Ísafirði (Byggðasafn Vestfjarða)	Krambúðin	1757 / 1975 og 1990
Þ11	Neðstikaupstaður, Ísafirði (Byggðasafn Vestfjarða)	Faktorshúsið	1765 / 1975 og 1990
Þ11	Neðstikaupstaður Ísafirði, (Byggðasafn Vestfjarða)	Tjöruhúsið	1782 / 1975 og 1990
Þ11	Neðstikaupstaður Ísafirði, (Byggðasafn Vestfjarða)	Turnhúsið	1784-85 / 1975 og 1990

Neðstikaupstaður er innan **deiliskipulags** Ísafjarðarhafnar en það var staðfest árið 1996. Ákvæði í deiliskipulaginu eru fremur rýr um þetta svæði. Þó er gert ráð fyrir nýjum safnahúsum sunnan við Neðstikaupstað og ný bátanaust vestan hans. Gert er ráð fyrir að niðurstaða úr ferli um verndarsvæði í byggð á svæðinu verði leiðarvísir inn í endurskoðun á deiliskipulagi svæðisins.



HEIMILDIR

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Deiliskipulag Ísafjarðarhafnar, staðfest 1995.

Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símónía Bjarnadóttir, 1994. Skutulsfjarðareyri. Húsakönnunin á Ísafirði 1992-3.

Gísli Sigurðsson, 2000. Húsin í Neðstakaupstað. *Lesbók Morgunblaðsins*, 28. október 2000.

Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher 2002: Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ. I. hluti Eyrarhreppur hinn forni. Svæðisskráning og aðalskráning. Jarðir: Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur, Fossar og Kirkjuból.